

Þriðjudaginn 23. júní 1953.

Nr. 73/1953. **Guðjón Steingrímsson** (sjálfur)

gegn

Guðmundi H. Þórðaryni (enginn)

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómamarar Hæstaréttar.

Staðfesting fjárnámsgerðar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. maí 1953. Krefst hann þess, að fjárnámsgerð, sem framkvæmd var í fógætarétti Reykjavíkur 20. og 21. apríl 1953 í bifreiðinni R 452, verði staðfest og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi, sem hafði áfrýjað framangreindri fjárnámsgerð með stefnu 27. apríl 1953 til þingfestingar í septembermánuði næstkomandi, hefur eigi sótt þing í máli þessu og er honum þó löglega stefnt.

Með því að engir þeir gallar eru á hinni áfrýjuðu fjárnámsgerð, er standi í vegi fyrir staðfestingu hennar, ber að taka nefnda kröfu áfrýjanda til greina og dæma stefnda til að greiða honum kr. 700.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð á að vera óröskuð.

Stefndi, Guðmundur H. Þórðarson, greiði áfrýjanda, Guðjóni Steingrímssyni, kr. 700.00 í málskostnað í Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð í fógætarétti Reykjavíkur 20. apríl 1953.

..... setti fulltrúi borgarfógeta, Þórhallur Pálsson, fógætarétt Reykjavíkur í skrifstofu borgarfógeta í Tjarnargötu 4.

Fyrir gerðarbeiðanda er mættur Einar Gunnar Einarsson cand. jur. vegna Guðlaugs Einarssonar hdl. og krefst fjárnáms til tryggingar skuld að fjárhæð kr. 10 166.00 með 6% ársvöxtum af kr. 4 586.00 frá 30. des. 1952 til greiðsludags og sömu vaxta af kr. 5 580.00 frá 30. jan. 1953 til greiðsludags, kr. 74.50 í afsagnarkostnað, ½% fjárhæðarinnar í þóknun,

kr. 1500.00 í málskostnað auk alls kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli er sjálfur mættur og kveðst ei greiða skuldina, en vísar á bifreiðina R452 til fjárnáms. — Fógeti lýsti fjárnámi í nefndri bifreið til tryggingar kröfum gerðarbeiðanda. Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu fjárnámsins fyrir gerðarþola.

Þinghald í fógetarétti Reykjavíkur 21. apríl 1953.

Fyrir gerðarbeiðanda er mættur Einar Gunnar Einarsson cand. jur. vegna Guðlaugs Einarssonar hdl. og krefst þess, að fjárnámið verði tekið upp aftur til að svipta gerðarþola vörzlu bifreiðarinnar R452 og fá sér hana í hendur á sína ábyrgð.

Mættur er í réttinum Páll Vídalín Magnússon, sem hefur ekið nefndri bifreið, og skipaði fógeti hann til að gæta hagsmuna gerðarþola við gerðina.

Fógeti lýsti því yfir, að hann svipti gerðarþola umráðum yfir ofangreindri bifreið.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda kvaðst mundu flytja hana í geymslu í bifreiðaverkstæði Hrafns Jónssonar, hér í bænum.

Fógeti brýndi fyrir mættum Páli að skýra gerðarþola frá gerðinni.

Þriðjudaginn 23. júní 1953.

Nr. 37/1951. **Pétur Magnússon vegna jarðarinnar Vallaness**
 gegn
Haraldi Guðnasyni.

Dómur Hæstaréttar.

Á dómþingi í gær var þess krafizt af hálfu áfrýjanda, sem hefur gjafsókn hér fyrir dómi, að mál þetta yrði hafið.

Stefndi, sem sótti þing, krafðist ómaksbóta.

Samkvæmt þessu verður málið hafið og stefnda dæmdar ómaksbætur úr ríkissjóði, kr. 500.00.

Dómsorð:

Mál þetta er hafið.

Ómaksbætur stefnda, Haralds Guðnasonar, kr. 500.00, greiðist úr ríkissjóði.